

Nr. 033 / 15 Snorri ST 24***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2098 IMO nr.
Smíðaður: Búðardal plast 1990
Stærð: 5,78 brl. 5,81 bt.
Mesta lengd: 8,12m Skráð lengd: 8,10 m
Breidd: 2,86 m Dýpt: 1,37 m
Vél: Vetus 90 kW 1989
Fjöldi skipverja: 2



Snorri ©Skip.is

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli

Atvikalýsing:

Þann 28. mars 2015 var Snorri ST 24 á grásleppuveiðum í Húnaflóa. Veður:

Lokið var lagningu á netatrossu þegar ákveðið að hætta veiðum vegna versnandi veðurs. Annar skipverjanna var að ganga fram í stýrishúsið þegar hnútur kom aftan á bátinn svo hann féll í veltunni og lenti með bakið á handriði lunningarinnar.

Haldið var áleiðis til hafnar en þar sem slasaði var illa haldinn og grunur um slæm rifbrot var haft samband við Neyðarlínuna og beðið um aðstoð við að flytja slasaða á sjúkrahús enda var landleiðin ófær. TF-LIF sótti slasaða til Djúpuvíkur og flutti hann til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar báturinn fékk á sig hnútinn snérist við um 90°;
- að skipverjinn náði ekki handfestu þegar báturinn snérist;
- að þilfarið var ekki hált.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.